

sálmurina var á enda, og meðan næsti sálmur var sunginn var ham loannin á beztu lag með gráti eg andvörpum.

Prélikarinn kom því næst uppi að ræðustólnum, sem hulinn var lyfresðu linklæði. Hann var fremur ungur maður, ákaflega kinnheinahár, með svart alskegg, litioð eitt hærður, breiðnefjaður, augun stór, draumkend og fljótandi. Hann var lítill vexti, grannur og álika í klæðaburði og tilkast hjá prestum, að eins hafði ham óbreytt hálslin í stað hins venjulega presta-kraga.

Pétur gamli hefði heldur ákossið að sjá hann með presta-kraga. En þá mundi hann eftir því, að kona rokkur, sem bjö i sama húsi og hann á Fornastig á yngri árum hans, og strauk hálslin manna, hafði sagt honum, að presta-kragar væri vandaverk, og þar af leiðandi kostadi mikil að þvo þá og strjúka. Og sparselmina hafði Pétur alt af í óskertum heiðri.

Pétur hafði að vanda búið sig undir sína "kyrlátu guðsdýrkun", ne fór alt eins og hann ætti von i meðan gríðspjallid var lesið upp. Hann var líka búin að lesa það einu sinni ádur í dag. En þá var nú líka friðnum slitið.

Því rödd prédikarans varð skyndilega hvell og skjálfandi, eins ólik venjulegum prédikunar-rómi eins og daglegi málfæri eða bliðmaelum. Framburðurinn var með rokum og brestum, rómurinn lá afarhátt, stundum öskrandi. Hin

framiskagandi kinulein urðu raud-gljáandi, augu hans lýstu eins og glóðarhnettir, varirnar titruðu og hann krepti skjálfandi hnefana framan í áheyrendurna:

— Haldið þér, að drottinn vor vilji tekna einhvern sjúklinginn yðar nú, eins og hann læknadí dóttur hundraðshöfdingjans? Haldið þér það? Eg fullvissa yður um, að hann vill það ekki. — Þessi hundraðshöfdingi var trúður. Það segist þér einnig vera. En það er lýgi, óendanleg lýgi; svo sannarlega sem drottinn Jesús Kristur er guðs son. — Eruð þér brennandi í andanum? Ó, að eg gæti leitt yður í örventingu, nístandi sálarangist, svo að þér vörpuð yður í duptið, englust sundur og saman eins og ánamaðkur, sem troðinn hefur verið un/ir fótum, emjuðuð eins og börn undan voðastóru, logandi brunasári! — Hugsum oss að þér eigið sjúklinga heima hjá yður. Hugsið þér ekki um að græða fé eða liggja á mærrum áður en þér minnist hinna veiku? Og hínir fátæku og sjúkra eru alstaðar í kríng um heimili yðar; um þá hugsið þér aldrei. Og drottinn skipar þó að þér skulið allra síðast hugsa um sjálfa yður. Helvítis eldur skal brenna þá, sem fyrst hugsa um sjálfa sig. Djöf-ullinn skal vefja sig, eins og tó hundruð þúsund álna langur högg-rmur utan um yður og kyrkja yður — — ekki til dauðs, heldur svo ð þér pínist af hinum ógurlegum kvöllum um alla eilifð. — Guð eim